



**Varðandi:** Kaup á snerti- og upplýsingaskjám á bæjarskrifstofu  
**Málsnúmer:** 1804102  
**Dagsetning:** 11.04.2018

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að veita fjármagn, samtals kr. 1.000.000, til kaupa og uppsetningar á þremur sjónvarpsskjáum sem staðsettir verða í þjónustuverinu, í bæjarþingsalnum og í fundarherbergi skipulags- og umhverfissviðs.

---

**GREINARGERÐ:** Lagt er til við bæjarráð að fjárfesta í þremur sjónvarpstækjum sem taka við af skjávörpum í bæjarþingsalnum og í fundarherbergi á skipulags- og umhverfissviði. Þriðja tækið er aðeins öðruvísi en hin en það er með snertiskjá og verður sett upp í þjónustuverinu. Tilgangur tækisins þar er að sinna þjónustuþörfum viðskiptavina sem mæta í þjónustuverið og vilja sækja um þjónustu, skoða skipulög í kynningu og fleira. Um er að ræða framfaraskref í tækivæðingu hjá Akraneskaupstað og eru tækin nauðsynleg viðbót við það þjónustustig sem við viljum hafa í starfsemi kaupstaðarins.

Kostnaður tækjanna er samtals kr. 866.000 og til viðbótar er kostnaður vegna uppsetningar kr. 134.000.

Með vísan til framanritaðs gerir undirrituð ofangreinda tillögu.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir  
verkefnastjóri